



Tækjategygging

Skilmáli nr. EE14

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Vörureikningur vegna kaupa á tryggðu tæki.
- Skilmáli þessi nr. EE14.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði skilmála þessa ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Tækjategygging er eingöngu í boði hjá þeim söluaðilum sem hafa gert samning við VÍS um trygginguna.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Vörureikningur staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til þess tækis sem tilgreint er í vörureikningi sem tryggður fær afhentan við upphafleg kaup hjá söluaðila.
- 1.2 Tryggingin tekur einnig til fylgihluta sem fylgdu tækinu í þeim umbúðum sem það var afhent í.
- 1.3 Tryggingin gildir eingöngu sé tæki til einkanota, þ.e. gildir ekki fyrir tæki sem notuð eru í atvinnu- eða rekstrarskyni.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi tækisins við töku tryggingarinnar er tryggður og sá sem síðar kann að eignast það á löglegan hátt á tryggingartímabilinu.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

4. Hvenær gildir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin tekur gildi um leið og greitt hefur verið fyrir hana hjá söluaðila.
- 4.2 Tryggingin gildir í þann tíma sem tilgreindur er á vörureikningi og getur tryggingartaki ekki sagt henni upp á tryggingartímanum. Tryggingin fylgir tækinu og fellur ekki niður við eigendaskipti.
- 4.3 Tryggingin fellur niður við lok tryggingartímabils sem tilgreint er í vörureikningi eða þegar VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir altjón.
- 4.4 Tryggingin fellur niður ef uppsafnaður viðgerðarkostnaður tækis nemur tryggingarfjárhæð samkvæmt 9. gr.

5. Hvað bætir tryggingin?

- 5.1 Tryggingin bætir tjón á tryggðu tæki vegna:
 - 5.1.1 Skyndilegs og ófyrirsjáanlegs galla eða bilunar í innri virkni tækisins nema til staðar sé ábyrgð sem tekur til tjónsins, sbr. g-lið greinar 6.1.
 - 5.1.2 Skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem verður á tæki, t.d. vegna óhappa í notkun, flutningi eða geymslu.
 - 5.1.3 Þjófnaðar þegar um sýnilegt innbrot er að ræða í læsta fasteign. Þjófnaður þarf að hafa verið tafarlaust kærður til lögreglu.

6. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 6.1 Tryggingin bætir ekki:
 - a) Tjón sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
 - b) Tjón sem rekja má til eðlilegs slits vegna notkunar, rangrar samsetningar, ónægu eða röngu viðhaldi, ryðs eða tæringar.
 - c) Tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins tryggða.
 - d) Tjón eða galla í skjám vegna þess að pixlar hverfa eða vegna innbrenndrar myndar eða myndar á skjánum ef það rýrir ekki notagildi tryggðs tækis.
 - e) Tjón sem verður við viðgerð eða viðhald.
 - f) Tjón vegna bilunar í hugbúnaði tækis, tapaðra eða skemmdra gagna



og/eða hugbúnaðar.

- g) Tjón sem framleiðandi, seljandi, viðgerðaraðili, flutningsaðili eða annar aðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi, yfirlýsingu eða lögum og reglum.
- h) Tjón eða bilun á rekstrarvörum í tækinu, s.s. rafhlöðum, ljósaperum, blekhyli eða sambærilegu.
- i) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6.2 Tryggingin bætir hvorki óbein né afleidd tjón.

7. Varúðarreglur¹

- 7.1 Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda hvað varðar samsetningu, uppsetningu, meðhöndlun, notkun og viðhald hins tryggða tækis.
- 7.2 Loka skal gluggum, krækja þá aftur og læsa fasteignum þar sem hið tryggða er skilið eftir.
- 7.3 Sýna skal aðgát við vörslu hins tryggða tækis, t.d. skal ekki skilja tæki eftir á svæði þar sem augljós hættu er á tjóni og ganga vel frá tæki fyrir flutninga eða aðra meðhöndlun.
- 7.4 Tryggður skal hafa vitneskju um hvar hið tryggða er staðsett á hverjum tíma.

8. Háttsemi annarra

- 8.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.²

9. Tryggingarfjárhæð

- 9.1 Tryggingarfjárhæðin er kaupverð tækisins sem tilgreint er í vörureikningi þegar það er keypt.
- 9.2 Tryggingarfjárhæð er ekki sönnun fyrir verðmæti hins tryggða.

10. Tilkynning tjóns og skyldur söluaðila verði tjón

- 10.1 Verði tryggt tæki fyrir tjóni skal eigandi þess tilkynna tjónið til söluaðila.
- 10.2 Söluaðili metur hvort tjón falli undir bótaskyld skilmálans. VÍS greiðir ekki kostnað vegna mats á tjóni.
- 10.3 Söluaðili ákveður með hvaða hætti bótaskyld tjón er bætt í samræmi við 11. gr.
- 10.4 Söluaðili tilkynnir bótaskyld tjón til VÍS með þeim hætti sem VÍS óskar eftir.

11. Ákvörðun bóta

- 11.1 Tryggður fær tjón sitt bætt í gegnum söluaðila. VÍS greiðir bætur miðað við mat söluaðila samkvæmt grein 10.3. VÍS greiðir aldrei hærri bætur en sem nemur tryggingarfjárhæð.
 - 11.1.1 Ef söluaðili telur unnt að gera við tryggt tæki þá greiðir VÍS kostnað við viðgerðina.
 - 11.1.2 Ef ekki er unnt að gera við tryggt tæki eða það borgar sig ekki að mati söluaðila þá greiðir VÍS kostnað söluaðila við að útvega tryggt nýtt tæki, sömu tegundar og gerðar, ef það er ekki hægt, þá með samsvarandi nýju tæki.
 - 11.1.3 Í þeim tilfellum sem sambærilegt tæki er ekki fáanlegt hjá söluaðila, eða að kaupverð slíks tækis er hærri en tryggingarfjárhæð, greiðir VÍS tryggingarfjárhæð til söluaðila sem afhendir tryggtum inneignarnótu.

12. Skilgreiningar

- 12.1 Í skilmála þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:
 - a) Söluaðili er sá aðili sem selur tryggða tæki og hefur heimild til að selja tækjatrýggingu VÍS.
 - b) Vörureikningur er reikningur sem söluaðili gefur út við sölu á tæki til tryggða. Ef keypt er tækjatrýgging koma fram upplýsingar á vörureikningi um gildistíma tryggingar og kaupverð tækis sem er staðfesting á tryggingarfjárhæð.

Það sem fram kemur á hægri spássu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

¹ Sjá umfjöllun um brot á varúðarreglum í almenna skilmála VÍS YY10.

² Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.